

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. júlí 1996.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 2. janúar 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 19

4. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993.

1. gr.

Síðari 5. gr. verði 6. gr. og orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. er 50.000 krónur og greiðist í ríkissjóð. Greiðslu skal fylgja beiðni um álit og er hún óendurkræf þótt nefndin kunni að vísa máli frá sér.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 20

4. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með 1. gr. reglugerðar nr. 311/1992, orðist svo:

Ef selja á afurðir skal slátrun búfjár (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) fara fram í sláturhúsi sem hlotið hefur löggildingu landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar 20. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994 og 493/1994, komi 15. október.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

um breyting á reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Íslenska dansflokksins og einn þeirra formann. Skipunartími stjórnarinnar er tvö ár.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996.

1. Inngangur.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda teljast fríðindi og hlunnindi, svo sem fatnaður, fæði, húsnæði og afnot bifreiða, til launa sem reikna skal staðgreiðslu af. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri meta hlunnindi til verðs.

Með tilvísun til áður nefndra lagagreina metur ríkisskattstjóri eftirtalin hlunnindi, sem veitt verða á árinu 1996, þannig til verðs sem staðgreiðsla reiknast af:

2. Bifreiðahlunnindi.

2.1. Endurgjaldslaus afnot launamanns.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, skutbifreið (station) eða jeppa-bifreið, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin